

Sæll Einar Vilhjálmsson

Í síðastliðnu Reykjavíkumaraþoni (23. ágúst 2014) varð ég vitni að áhugaverðum atburði. Krýndur Íslandsmeistari í maraþoni karla (Arnar Pétursson) var með fylgd tveggja hjólreiðamanna a.m.k 32 km af 42 km hlaupi.

Eftirfarandi reglur gilda fyrir þátttakendur í Reykjavíkumaraþoni Íslandsbanka

- 10. grein:
 - Hlaupabrautin er eingöngu ætluð keppendum. Ekki er heimilt að fylgja hlaupurum gangandi, hlaupandi, á hjóli eða öðrum farartækjum (undanþága fyrir fylgdarmenn fatlaðra). Það er á ábyrgð þátttakenda að vísa frá þeim sem vilja fylgja.
- 18. grein:
 - Brot á ofangreindum reglum ógilda þátttökurétt í hlaupinu.

Úrslitin voru kærð og yfirdómnefnd Reykjavíkumaraþons staðfesti brotið:

*Af þeim gögnum sem liggja fyrir í málinu má það vera ljóst að 2 hjólamenn hafi fylgt Arnari frá a.m.k. Hörpu (km 10-11) til lok hlaupsins. Það er skv. reglum hlaupsins óheimilt.
(Tekið beint upp úr dómi yfirdómnefndar Reykjavíkumaraþons, 30. ágúst 2014)*

Ekki þykir mér hægt sé að skýla sér á bak við þekkingarleysi:

- ✓ Arnar Pétursson hefur tvisvar áður hlotið titilinn Íslandsmeistari í maraþoni, tekið þátt í heimsmeistaramóti í hálfmaraþoni í DK auk fjölda hlaupa bæði hérlandis og erlendis. Auk þess er hann í landsliðshóp FRÍ 2015.
- ✓ Pabbi Arnars (Pétur Hrafn Sigurðsson), sem hjólaði með honum, hefur starfað mjög lengi og er vel þekktur innan íþróttahreyfingarinnar og hefur m.a hlotið viðurkenningar frá KKÍ og ÍSÍ.

Þetta mál er einnig áhugavert að skoða út frá siðareglum FRÍ

*.....Þessar siðareglur eru ekki eingöngu leiðbeinandi.
Verði uppvíst um brot á reglum þessum áskilur stjórn sambandsins sér rétt til að grípa til viðeigandi ráðstafana og taka ákvörðun um viðurlög eftir því sem við á*

- 3. Virði alltaf reglur og venjur varðandi heiðarleika (Fair Play) í íþróttum.
- 4. Fari ætíð að keppnisreglum, virði tímamörk og önnur atriði varðandi framkvæmd íþróttamóta.
- 7. Sýni öllum iðkendum virðingu, jafnt samherjum sem keppinautum.
- 9. Sé ávallt til fyrirmyndar varðandi framkomu, jafnt utan vallar sem innan, og hafi hugfast að það sé fyrirmynd yngri iðkenda.

Spurning mín er einföld:

Hver er afstaða þín í þessu máli – er þetta framkoma sem FRÍ stendur fyrir?